

h. (84. gr.)

Sé þýðing leiðrétt skv. 86. gr. skal afhenda nýtt eintak af allri þýðingunni þar sem greinilega kemur fram í hverju leiðréttingarnar felast. Leiðréttingu skulu fylgja upplýsingar um númer einkaleyfis eða umsóknar og nafn og heimilisfang einkaleyfshafa eða umsækjanda.

Ef skilyrðum skv. 1. mgr. er ekki fullnægt er litið svo á að hin leiðréttu þýðing hafi ekki verið afhent.

Í auglýsingu, sem birt er skv. 1. mgr. 86. gr. einkaleyfalaga, skulu koma fram þær upplýsingar sem getið er um í 2. mgr. 81. gr., auk upplýsinga um tækniflokkun einkaleyfis, heiti uppfinningar og þann dag sem Einkaleyfastofan móttók hina leiðréttu þýðingu.

Í auglýsingu, sem birt er skv. 2. mgr. 86. gr. einkaleyfalaga, skulu koma fram þær upplýsingar sem getið er um í 82. gr., auk upplýsinga um tækniflokkun umsóknar, heiti uppfinningar og þann dag sem Einkaleyfastofan móttók hina leiðréttu þýðingu.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 69. og 90. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. nóvember 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. október 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl.
í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins,
nr. 136 3. mars 1995.**

1. gr.

2. gr., sbr. reglugerð nr. 502 11. ágúst 1997, orðist svo:

Ákvæði 4. undirgr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 gildir einnig um farþegaflutninga innanlands, aðra en reglubundna farþegaflutninga, sbr. 5. undirgr. 1. mgr. 6. gr.

Ákvæði 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 gildir í reglubundnum farþegaflutningum innanlands.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. mgr. 44. gr., 60. gr. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44. 7. maí 1993, til innleiðingar á 20., 20.a, 21., 23. og 23.a tölul. XIII. viðauka við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 11. október 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.